

**Heilbrigðisstofnun Vesturlands**  
08 716

**Ársreikningur 2019**

## Efnisyfirlit

	<b>Bls.</b>
Skýrsla og áritun forstöðumanns .....	2
Yfirlit um afkomu ársins .....	3
Efnahagsreikningur .....	4
Sjóðstreymisyfirlit .....	5
Starfspáttayfirlit .....	6
Skýringar .....	7

**Heilbrigðisstofnun Vesturlands**

**kt. 630909-0740**

**Merkigerði 9, 300 Akranes**

## Skýrsla og áritun forstöðumanns

Heilbrigðisstofnun Vesturlands er ríkisaðili í A-hluta ríkissjóðs, sem samanstendur af átta starfsstöðvum á Vesturlandi. Á svæðinu eru reknar átta heilsugæslustöðvar og á fjórum stöðum eru rekin sjúkrahús og/eða hjúkrunardeildir. HVE veitir almenna og sérhæfða heilbrigðisþjónustu í heilbrigðisumdæmi Vesturlands í samræmi við lög og reglur á hverjum tíma. Þjónustan er á 3 málefnasviðum, heilsugæslusvið, sjúkrasvið og hjúkrunarsvið eins og þau eru skilgreind í lögum um opinber fjármál, er veitt íbúum umdæmisins og öðrum sem eftir henni leita. Hlutverk heilsugæslusviðs er að veita almenna lækniþjónustu, hjúkrun, heilsuvernd, forvarnir, slysa- og bráðaþjónustu og annast sjúkraflutinga. Hlutverk sjúkrasviðs er að starfrækja umdæmissjúkrahús, almenn sjúkrarými og endurhæfingu. Hlutverk hjúkrunarsviðs er að starfrækja hjúkrunarrými á starfssvæðinu þar sem slík þjónusta er ekki veitt af öðrum. Lögð er áhersla á virðingu, traust og fagmennsku. Velferð skjólstæðinga skal höfð að leiðarljósi. Stuðlað er að virkri sí- og endurmenntun starfsfólks. HVE tekur þátt í menntun heilbrigðisstétta í samvinnu við Háskóla Íslands, Háskólann á Akureyri og aðrar menntastofnanir.

Starfsemi stofnunarinnar fellur undir þrjú málefnasvið og nokkra málaflokka samkvæmt flokkun í fjárlögum og kemur aðgreining þess fram í starfsþáttayfirliti.

Á árinu 2019 var ársveltan kr. 5.545,7 milljónir og afkoma kr. 79,8 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. 71,0 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 813,4 milljónir.

Það er álit mitt að ársreikningur 2019 gefi glögga mynd af rekstri, eignum, skuldum og eiginfjárstöðu Heilbrigðisstofnunar Vesturlands í samræmi við lög um opinber fjármál.

Forstöðumaður staðfestir hér með ársreikning Heilbrigðisstofnunar Vesturlands fyrir árið 2019 með undirritun sinni.

Jóhanna F. Jóhannesdóttir,  
forstjóri

(undirritað rafrænt)

## Yfirlit um afkomu ársins 2019

	Skýr	2019	2018
<b>Tekjur</b>			
Tekjufærsla fjárveitinga .....	2	4.932.817.668	4.536.554.201
Seld þjónusta .....	3	501.712.027	542.121.029
Framlög og ýmsar tekjur .....	4	73.625.772	67.010.784
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára .....	2	37.503.539	32.378.394
<b>Tekjur samtals</b>		<u>5.545.659.006</u>	<u>5.178.064.408</u>
<b>Gjöld</b>			
Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður .....	5	3.696.792.064	3.484.673.804
Annar rekstrarkostnaður .....	6	1.729.067.687	1.602.501.935
Afskriftir .....	7	37.503.539	32.378.394
<b>Gjöld samtals</b>		<u>5.463.363.290</u>	<u>5.119.554.133</u>
<b>Afkoma fyrir fjármagnsliði</b>		82.295.716	58.510.275
<b>Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)</b>			
Vaxtatekjur, verðbætur og gengishagnaður .....		1.004.626	937.996
Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap .....		(3.481.598)	(7.525.268)
		<u>(2.476.972)</u>	<u>(6.587.272)</u>
<b>Afkoma ársins</b>		<u><u>79.818.744</u></u>	<u><u>51.923.003</u></u>

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu ársins.

## Efnahagsreikningur 31. desember 2019

	Skýr	31.12.2019	31.12.2018
<b>Eignir</b>			
<b>Fastafjármunir</b>			
Varanlegir rekstrarfjármunir:	8		
Áhöld, tæki og búnaður .....		195.983.623	180.987.331
Farartæki og vélar .....		1.071.875	1.334.375
Aðrar eignir .....		690.806	861.788
<b>Fastafjármunir samtals</b>		<u>197.746.304</u>	<u>183.183.494</u>
<b>Veltufjármunir</b>			
Birgðir .....	9	52.840.612	54.705.096
Viðskiptakröfur .....		3.882.582	13.295.920
Tengdir aðilar .....	10	507.112.898	329.329.716
Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður .....	11	5.235.872	3.276.060
Handbært fé .....	12	46.609.486	129.728.969
<b>Veltufjármunir samtals</b>		<u>615.681.450</u>	<u>530.335.761</u>
<b>Eignir samtals</b>		<u>813.427.754</u>	<u>713.519.255</u>
<b>Eigið fé og skuldir</b>			
<b>Eigið fé</b>	13		
Hrein eign .....		70.961.204	(8.857.540)
<b>Eigið fé samtals</b>		<u>70.961.204</u>	<u>(8.857.540)</u>
<b>Skuldir</b>			
Tengdir aðilar .....	10	9.193.250	21.134.080
Viðskiptaskuldir .....		85.688.148	152.457.143
Ýmsar skammtímaskuldir .....	14	320.511.142	291.808.023
Frestun tekjufærslu fjárfestingarheimilda .....	15	327.074.010	256.977.549
<b>Skuldir samtals</b>		<u>742.466.550</u>	<u>722.376.795</u>
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>		<u>813.427.754</u>	<u>713.519.255</u>
<b>Aðrar upplýsingar</b>	16		

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings.

## Sjóðstreymisyfirlit ársins 2019

	Skýr	2019	2018
<b>Rekstrarhreyfingar</b>			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Afkoma ársins .....		79.818.744	51.923.003
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir .....	7	37.503.539	32.378.394
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára .....		(37.503.539)	(32.378.394)
		<u>79.818.744</u>	<u>51.923.003</u>
Breyting rekstrartengdra eigna og skulda:			
Viðskiptakröfur - aðrar skammtímakröfur .....		7.453.526	33.729.394
Tengdir aðilar .....		(134.190.361)	121.723.559
Birgðir .....		1.864.484	(124.311)
Skammtímaskuldir .....		(38.065.876)	(91.688.719)
		<u>(162.938.227)</u>	<u>63.639.923</u>
		<u>(83.119.483)</u>	<u>115.562.926</u>
<b>Handbært fé frá rekstri</b>			
<b>Fjárfestingarhreyfingar</b>			
Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna .....	8	(52.066.349)	(25.505.945)
		<u>(52.066.349)</u>	<u>(25.505.945)</u>
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>			
Tengdir aðilar .....		(55.533.651)	(73.794.055)
Fjárfestingarframlag .....		107.600.000	99.300.000
		<u>52.066.349</u>	<u>25.505.945</u>
<b>Hækkun (lækkun) á handbæru fé</b>			
Handbært fé í byrjun árs .....		(83.119.483)	115.562.926
		<u>129.728.969</u>	<u>14.166.043</u>
		<u>46.609.486</u>	<u>129.728.969</u>

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti sjóðstreymisyfirlits.

# Starfsþáttayfirlit um afkomu ársins 2019, fjárveitingar, breytingar þeirra og stöðu

	Heilsugæslusvið 08 716 101	Sjúkrasvið 08 716 111	Hjúkrunarrými 08 716 121	Samtals 2019
	Málefnasvið - málaflokkur			
	23 20	24 10	25 10	
<b>Tekjur</b>				
Tekjufærsla fjárveitinga .....	1.938.500.000	2.526.717.668	467.600.000	4.932.817.668
Seld þjónusta .....	114.208.739	216.966.945	170.536.343	501.712.027
Framlög og ýmsar tekjur .....	14.249.849	56.136.711	3.239.212	73.625.772
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára .....	10.596.690	25.834.429	1.072.420	37.503.539
<b>Tekjur samtals</b>	<b>2.077.555.278</b>	<b>2.825.655.753</b>	<b>642.447.975</b>	<b>5.545.659.006</b>
<b>Gjöld</b>				
Laun og launatengd gjöld .....	969.469.178	2.197.223.293	530.099.593	3.696.792.064
Annar rekstrarkostnaður .....	1.078.710.426	505.962.799	144.394.462	1.729.067.687
Afskriftir .....	10.596.690	25.834.429	1.072.420	37.503.539
<b>Gjöld samtals</b>	<b>2.058.776.294</b>	<b>2.729.020.521</b>	<b>675.566.475</b>	<b>5.463.363.290</b>
<b>Afkoma fyrir fjármagnsliði</b>	<b>18.778.984</b>	<b>96.635.232</b>	<b>(33.118.500)</b>	<b>82.295.716</b>
<b>Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)</b>				
Vaxtatekjur, verðbætur og gengishagnaður .....	155	1.004.471	0	1.004.626
Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap .....	(5.766)	(3.474.730)	(1.102)	(3.481.598)
	(5.611)	(2.470.259)	(1.102)	(2.476.972)
<b>Afkoma ársins</b>	<b>18.773.373</b>	<b>94.164.973</b>	<b>(33.119.602)</b>	<b>79.818.744</b>
<b>Afkoma ársins skipt eftir fjárheimildaliðum</b>				
Rekstur .....	18.773.373	94.164.973	(33.119.602)	79.818.744
	18.773.373	94.164.973	(33.119.602)	79.818.744
<b>Yfirlit um fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og stöðu í árslok aðrar en vegna fjárfestinga:</b>				
Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum .....	1.826.500.000	2.430.300.000	467.600.000	4.724.400.000
Fjáraukalög .....	20.000.000	0	0	20.000.000
Millifærslur milli fjárlagaliða .....	92.000.000	96.417.668	0	188.417.668
Fjárveiting til tekna .....	1.938.500.000	2.526.717.668	467.600.000	4.932.817.668
Ráðstöfun ársins, skv. rekstrarreikningi .....	(1.919.726.627)	(2.432.552.695)	(500.719.602)	(4.852.998.924)
<b>Staða fjárveitinga ársins í lok árs</b>	<b>18.773.373</b>	<b>94.164.973</b>	<b>(33.119.602)</b>	<b>79.818.744</b>
Staða fjárveitinga 2018 í lok þess árs .....	76.744.976	(481.232.718)	378.621.494	(25.866.248)
<b>Staða fjárveitinga skipt eftir fjárheimildaliðum</b>				
Rekstur .....	95.518.349	(387.067.745)	345.501.892	53.952.496
	<b>95.518.349</b>	<b>(387.067.745)</b>	<b>345.501.892</b>	<b>53.952.496</b>
<b>Fjárfestingar</b>				
Fjárveiting ársins skv. Fjárlögum og Fjáraukalögum .....	33.200.000	3.400.000	1.000.000	37.600.000
Millifærslur milli fjárlagaliða .....	0	70.000.000	0	70.000.000
Fjárfesting á árinu .....	(21.110.032)	(30.154.811)	(801.506)	(52.066.349)
<b>Staða fjárfestingafjárveitingar</b>	<b>12.089.968</b>	<b>43.245.189</b>	<b>198.494</b>	<b>55.533.651</b>
Staða fjárfestinga 2018 í lok þess árs .....	(1.251.657)	74.497.098	548.614	73.794.055
<b>Staða fjárfestingarheimilda í árslok 2019</b>	<b>10.838.311</b>	<b>117.742.287</b>	<b>747.108</b>	<b>129.327.706</b>

Skýringar með ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti starfsþáttayfirlits

# Skýringar

## 1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

### Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál og ákvarðanir reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs auk þess að styðjast við ákvæði laga um ársreikninga eftir því sem við á. Hér er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem beitt er við gerð ársreikningsins. Reikningsskilin eru á rekstrargrunni að öðru leyti en sjóðstreymi sem er á greiðslugrunni.

Beitt er kostnaðarverðsreglu.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Aðferðir þessar eiga sér stoð í alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, IPSAS, ákvörðunum reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs eða styðjast við ákvæði ársreikningalaga, en raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir getur við sölu eða innlausn reynst annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

### Innlausn tekna

Tekjur af afhendingu á vörum og þjónustu til þriðja aðila eru metnar á gangvirði móttækis endurgjalds.

Tekjur af sölu vöru eru færðar þegar verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi hefur færst til kaupanda.

Tekjur vegna veittrar þjónustu eru færðar línulega yfir þann tíma sem þjónustan er veitt, nema fyrir liggja atvik sem betur lýsir lokum viðskiptanna.

Fjárveitingar til rekstrar ársins eru færðar til tekna á árinu.

Fjárveitingar sem ætlaðar eru til fjárfestinga eru færðar til tekna þannig að þær mæti þeim kostnaði sem af fjárfestingunni hlýst í formi afskrifta, úreldingar eða sölutaps.

### Gjöld

Gjöld eru færð á því tímabili þegar til þeirra er stofnað.

### Óefnislegar eignir

Óefnislegar eignir eru upphaflega færðar á kostnaðarverði.

Óefnislegar eignir með takmörkuðum líftíma eru færðar á kostnaðarverði að frádreginni virðisrýrnun og niðurfærslum. Niðurfærslur eru gjaldfærðar línulega yfir líftíma eignarinnar í yfirliti um afkomu. Almenn er áætlaður nýtingartími tölvuhugbúnaðar sex til átta ár.

Óefnislegar eignir með ótakmarkaðan nýtingartíma eru ekki niðurfærðar en eru prófaðar a.m.k. árlega með tilliti til virðisrýrnunar.

Innleyst tap vegna ráðstöfunar óefnislegra eigna er fært í yfirlit um afkomu á því tímabili þegar viðskiptin eiga sér stað. Söluverð eigna og þar með söluhagnaður myndar fjárfestingarheimild og er meðhöndlað þannig.

Óefnislegar eignir með takmörkuðum líftíma eru skoðaðar a.m.k. árlega til að ákvarða hvort einhver vísbinding sé um virðisrýrnun. Ef endurheimtanleg fjárhæð óefnislegrar eignar er lægri en bókfært verð hennar, er bókfært verð hennar fært í endurheimtanlega fjárhæð og virðisrýrnunartap fært í yfirlit um afkomu.

### Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Liggja kostnaðarverð ekki fyrir er miðað við metið gangvirði sem kostnaðarverð. Ef eignar er aflað án endurgjalds eða gegn vægu endurgjaldi er eignin færð til tekna á gangverði, þegar gangvirði verður ákvarðað með áreiðanlegum hætti, í yfirlit um afkomu.

Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan notkunartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna þannig að kostnaðarverði, eða matsvirði, að frádregnu niðurlagsverði sé dreift á notkunartíma eignarinnar. Afskriftaraðferð, notkunartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörsdegi og breytt ef við á.



## Skýringar

Áætlaður notkunartími varanlegra rekstrarfjármuna er sem hér segir eftir flokkum:

Áhöld, tæki og búnaður .....	3-10 ár
Farartæki og vélar .....	8-15 ár
Aðrar eignir .....	10 ár / óafskrifað

Þegar bókfært verð eigna er hærra en endurheimtanlegt verð þeirra, eru eignirnar færðar niður í endurheimtanlegt verð.

Söluverð og þar með talinn söluhagnaður eigna myndar heimild til endurnýjunar eigna og er meðhöndlað sem fjárfestingarheimild. Tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði á söluþegi og er hluti af afkomu ársins.

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í yfirlit um afkomu þegar hann fellur til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbótum er ætlað hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími breytist. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

### Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókum stofnunarinnar.

### Handbært fé

Handbært fé og jafngildi þess eru færð í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

### Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir eru skráðar eftir mati á þeim útgjöldum sem þarf til að gera upp skuldbindinguna. Skuldir sem gerast upp eftir lengri tíma en 12 mánuði, aðrar en orlofsskuldbinding, eru skráðar á núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstreymis vegna greiðslu þeirra.

### Tengdir aðilar

Tengdir aðilar er ríkissjóður og aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs.

### Starfsþáttayfirlit

Þegar starfsemi stofnunar nær yfir fleiri en eitt fjárlagaviðfang, málefnasvið eða málaflokk er aðgreining fjárlagaviðfang, málefnasviða og málaflokka birt í starfsþáttayfirliti. Það nær til yfirlits um afkomu og greininga fjárveitinga ársins, breytinga þeirra á árinu og stöðu í árslok.

## Skýringar

	2019	2018
<b>2 Tekjufærsla fjárveitinga</b>		
Fjárveiting ársins .....	4.932.817.668	4.552.754.201
Rekstrarfjárveiting flokkuð sem fjárveiting til fjárfestinga .....	0	(16.200.000)
Tekjufærsla fjárveitinga .....	4.932.817.668	4.536.554.201
Tekjufærsla frestaðra tekna .....	37.503.539	32.378.394
	<b>4.970.321.207</b>	<b>4.568.932.595</b>

### Yfirlit um fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og stöðu í árslok:

	Rekstur	Rekstrar- tilfærslur	Fjármagns- tilfærslur	Samtals
Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum skv. fjárlögum .....	4.724.400.000	0	0	4.724.400.000
Fjáraukalög .....	20.000.000	0	0	20.000.000
Millifærslur milli fjárlagaliða .....	188.417.668	0	0	188.417.668
<b>Fjárveiting til tekna .....</b>	<b>4.932.817.668</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>4.932.817.668</b>
Ráðstöfun ársins, skv. rekstrarreikningi að frádregnum sértekjum .....	(4.852.998.924)	0	0	(4.852.998.924)
<b>Staða fjárveitinga ársins í lok árs .....</b>	<b>79.818.744</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>79.818.744</b>

	2019	2018
<b>3 Seld vara og þjónusta</b>		
Sérfræðiþjónusta .....	305.802.438	333.887.917
Ýmsar þjónustutekjur .....	13.061.359	13.481.234
Gjöld fyrir vistun .....	164.640.312	177.703.458
Veitinga- og gistipjónusta .....	17.505.870	16.707.820
Vörusala .....	550.048	0
Fræðslustarfsemi og fundir .....	152.000	340.600
	<b>501.712.027</b>	<b>542.121.029</b>

### 4 Framlög og ýmsar tekjur

Sala varanlegra rekstrarfjármuna .....	441.732	312.800
Leigutekjur .....	61.577.686	56.528.998
Framlög frá öðrum en ríkissjóði og gjafir .....	2.200.000	0
Ýmsar tekjur .....	9.406.354	10.168.986
	<b>73.625.772</b>	<b>67.010.784</b>

### 5 Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður

Laun .....	2.958.018.528	2.771.232.228
Orlof, breyting .....	11.521.385	25.232.544
Launatengd gjöld .....	723.031.225	686.808.927
Starfsmannakostnaður .....	4.220.926	1.400.105
	<b>3.696.792.064</b>	<b>3.484.673.804</b>
Meðalfjöldi stöðugilda .....	260,7	256,0

## Skýringar

	2019	2018
<b>6 Annar rekstrarkostnaður</b>		
Bækur, ritföng, filmur o.fl. ....	8.720.879	5.928.048
Byggingarvörur, almennar ....	256.534	19.103
Byggingarvörur, aðrar ....	1.850	20.213
Tæki og búnaður til innréttinga ....	1.376.618	408.829
Ýmis tæki og áhöld ....	4.204.643	6.187.644
Varahlutir og viðhaldsvörur ....	6.129.275	6.261.542
Orkugjafir ....	43.960.344	45.425.907
Matvæli ....	88.585.059	67.672.730
Almennar rekstrarvörur ....	35.799.863	32.188.439
Vörukaup, almenn	189.035.065	164.112.455
Rannsóknarstofuefni ....	42.852.414	39.798.432
Lyf og tengd efni ....	52.641.818	102.733.539
Lækninga- og hjúkrunarvörur ....	78.037.581	80.480.084
Sjúkrahústæki og áhöld ....	48.846.827	44.358.983
Kennslu- og föndurvörur ....	33.528	30.114
Ýmsar sérgreindar vörur ....	246.592	49.250
Vörukaup, sérgreind	222.658.760	267.450.402
Fundir, námskeið, risna ....	5.925.855	5.654.166
Ferðir, uppihald ....	7.731.294	5.407.651
Akstur ....	16.032.602	19.143.745
Sérfræðiþjónusta ....	779.009.253	765.695.958
Innheimta, umboðs-, sölu- og þjónustugjöld ....	3.967.786	3.660.995
Auglýsingar og kynningarstarfsemi ....	990.874	1.552.483
Prentun, póstur, flutningar og önnur þjónusta ....	15.590.991	15.918.275
Funda- og ferðakostnaður, akstur og ýmis sérfræðiþjónusta	829.248.655	817.033.273
Samningsbundin kaup og leiga ....	10.939.417	8.873.514
Afnotagjöld ....	23.107.788	19.459.004
Leigugjöld ....	376.896.191	259.266.661
Notkun véla og flutningatækja ....	1.885.720	2.135.977
Verkkaup ....	67.140.587	57.149.670
Áhættutap og bætur ....	145.215	0
Tryggingar, lögboðnar ....	2.768.381	1.742.892
Opinber gjöld ....	5.241.908	5.278.087
Leigugjöld, verkkaup, bætur, tryggingar, opinber gjöld o.fl.	488.125.207	353.905.805
Annar rekstrarkostnaður samtals	1.729.067.687	1.602.501.935
<b>7 Afskriftir</b>		
Áhöld, tæki og búnaður ....	37.070.057	31.871.999
Farartæki og vélar ....	262.500	335.413
Aðrar eignir ....	170.982	170.982
	37.503.539	32.378.394

## Skýringar

	31.12.2019	31.12.2018
<b>8 Varanlegir rekstrarfjármunir</b>		
Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:		
Áhöld, tæki og búnaður .....	195.983.623	180.987.331
Farartæki og vélar .....	1.071.875	1.334.375
Aðrar eignir .....	690.806	861.788
	<u>197.746.304</u>	<u>183.183.494</u>

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig í árslok 2019:

	Áhöld, tæki og búnaður	Farartæki og vélar	Aðrar eignir	Samtals
Staða 1.1.2019 .....	304.070.228	3.100.000	1.929.835	309.100.063
Viðbætur á árinu .....	52.066.349	0	0	52.066.349
Selt/niðurfært á árinu .....	(635.317)	0	0	(635.317)
	<u>355.501.260</u>	<u>3.100.000</u>	<u>1.929.835</u>	<u>360.531.095</u>
Afskriftir 1.1.2019 .....	123.082.897	1.765.625	1.068.047	125.916.569
Selt/niðurfært á árinu .....	(635.317)	0	0	(635.317)
Afskrift ársins .....	37.070.057	262.500	170.982	37.503.539
	<u>159.517.637</u>	<u>2.028.125</u>	<u>1.239.029</u>	<u>162.784.791</u>
Staða 31.12.2019 .....	<u>195.983.623</u>	<u>1.071.875</u>	<u>690.806</u>	<u>197.746.304</u>

	31.12.2019	31.12.2018
<b>9 Birgðir</b>		
Vörubirgðir I (sbr. teg. 563, vörukaup I) .....	1.239.075	2.144.150
Vörubirgðir II (sbr. teg. 564, vörukaup II) .....	51.601.537	52.560.946
	<u>52.840.612</u>	<u>54.705.096</u>

### 10 Tengdir aðilar

Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila.

*Kröfur á tengda aðila:*

Viðskiptareikningur við ríkissjóð .....	369.530.690	6.957.937
Aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs .....	137.582.208	87.790.187
Áætluð leiðrétting vegna fjárveitinga .....	0	234.581.592
	<u>507.112.898</u>	<u>329.329.716</u>

*Skuldir við tengda aðila:*

Viðskiptareikningar við ríkisaðila í A-hluta ríkissjóðs .....	9.193.250	21.134.080
	<u>9.193.250</u>	<u>21.134.080</u>

### 11 Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður

Fyrirframgreiddur kostnaður .....	778.445	619.424
Skattar .....	4.457.427	2.656.636
	<u>5.235.872</u>	<u>3.276.060</u>

### 12 Handbært fé

Sjóðir .....	102.626	72.751
Tékkareikningar .....	46.506.860	129.656.218
	<u>46.609.486</u>	<u>129.728.969</u>

## Skýringar

	31.12.2019	31.12.2018
<b>13 Eigið fé</b>		
Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum;		
<b>Hrein eign</b>		
Jöfnuður 1.1. ....	(8.857.540)	(60.780.543)
Afkoma ársins .....	79.818.744	51.923.003
Jöfnuður 31.12. ....	70.961.204	(8.857.540)

Ráðstöfun afkomu ársins og yfirfærsla eiginfjár yfir á næsta ár er háð ákvörðun fjármála- og efnahagsráðuneytis. Ákvörðun ráðuneytisins er byggð á reglum sem ráðuneytið setur út frá 30.gr. laga um opinber fjármál og samráði við viðkomandi fagráðuneyti og verður birt í séryfirliti með ríkisreikningi 2019 og B-deild Stjórnartíðinda.

	31.12.2019	31.12.2018
<b>14 Ýmsar skammtímaskuldir</b>		
Ógreitt orlof .....	303.142.741	291.621.356
Ógreidd laun .....	17.368.401	0
Önnur ógreidd gjöld .....	0	186.667
	320.511.142	291.808.023

### 15 Frestun tekjufærslu fjárveitinga til fjárfestinga

Ríkissjóður fjármagnar rekstur stofnunarinnar, þar með taldar fjárfestingar. Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum er í eðli sínu fyrirframgreiðsla kostnaðar sem dreift er til gjalda á notkunartíma eignarinnar í formi afskrifta. Við innfærslu eignanna eru færðar frestaðar tekjur vegna fjárveitinga til fjárfestinga sem færast til tekna á eftirstöðvum notkunartíma eignanna eða falla niður við sölu eignarinnar nema söluandvirðið verði notað til endurfjárfestingar.

	31.12.2019	31.12.2018
Frestaðar tekjur vegna fjárfestingafjárveitinga .....	197.746.304	183.183.494
Ónotuð fjárveiting til fjárfestinga .....	129.327.706	73.794.055
	327.074.010	256.977.549

	Frestaðar tekjur vegna fjárfestinga	Fjárfestinga- fjárveiting	Samtals frestaðar tekjur
Staða 1.1.2019 .....	183.183.494	73.794.055	256.977.549
Fjárfestingarfjárveiting ársins .....	0	107.600.000	107.600.000
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum .....	52.066.349	(52.066.349)	0
Tekjufærsla frestaðra tekna .....	(37.503.539)	0	(37.503.539)
	197.746.304	129.327.706	327.074.010

Af frestuðum tekjum vegna fjárfestinga í árslok 2019 munu kr. 35,7 milljónir koma til tekna á árinu 2020.

## Skýringar

### 16 Aðrar upplýsingar

#### *Skuldbindandi samningar*

Stofnunin hefur gert skuldbindandi samninga um húsnæði, ýmsa aðra rekstrar- og þjónustusamninga, bílaleigusamninga. Árlegar greiðslur fyrir húsaleigu nema 380,7 m.kr., ýmsir rekstrar- og þjónustusamningar 67,7 m.kr. og vegna bílaleigu samninga 12,7 m.kr.

Stofnunin ber hlutdeild í lífeyrisskuldbindingum vegna starfsmanna sem látið hafa af störfum. Lífeyrisskuldbindingin hefur ekki verið skuldfærð í reikningsskil stofnunarinnar en greiðsla af henni á árinu 2019, kr. 56,1 milljónir, er gjaldfærð meðal launa.

#### *Veðsetningar*

Engar veðsetningar eru áhvílandi á eignum stofnunarinnar í árslok 2019.

#### *Veittar ábyrgðir*

Stofnunin hefur ekki gengist í ábyrgðir vegna þriðja aðila.

#### *Óefnislegar eignir*

Vegna ákvæða í lögum um ársreikninga um að óheimilt sé að eignfæra áður gjaldfærðar óefnislegar eignir eru óefnislegar eignir sem stofnað var til fyrir 1.1.2017 ekki færðar til eignar við innleiðingu á LOF.

Engar óefnislegar eignir eru til staðar hjá stofnuninni.

#### *Óafturkallanleg loforð*

Stofnunin hefur ekki veitt nein óafturkallanleg loforð sem hafa áhrif á framtíðarrekstur hennar.

#### *Atburðir eftir reikningsskiladag*

Engir atburðir hafa átt sér stað eftir reikningsskiladag sem hafa áhrif á fjárhagsstöðu og upplýsingar í ársreikningi.